



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

11
03 20
22

Föstudagsröðin á Myrkum músíkdögum



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tímalengd verka:

Sinfonia (for orbiting spheres): 9'

Glerhjallar: 9'

CATAMORPHOSIS: 20'

Tónleikarnir eru hljóðritaðir sendir út síðar á Rás 1.

Tónleikarnir eru einnig kvikmyndaðir.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA
Eignastýring

11|03

FÖSTUDAGUR
KL. 18:00

Föstudagsröðin á Myrkum músíkdögum

TÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Efnisskrá

Missy Mazzoli
Sinfonia (for orbiting spheres) (2013)

Sveinn Lúðvík Björnsson
Glerhjallar (2019)

Anna Þorvaldsdóttir
CATAMORPHOSIS (2020)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



Daníel Bjarnason

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljóm-
sveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljóm-
sveitarstjóri og tónskáld. Hann hefur unnið með og fengið verk sín flutt af
fjölda hljóm-
sveita og má þar nefna Sinfóníuhljóm-
sveit Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníu-
hljóm-
sveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljóm-
sveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljóm-
sveitina, Ulster-hljóm-
sveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í
Kraká. Hann hefur gefið út fjórar plötur hjá plötufyrirtækinu
Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012),
Over Light Earth (2013) og *Collider* (2018). Meðal helstu verka
Daníels eru óperan *Brothers* sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð
í Reykjavík við mikla hrifningu, fiðlukonsert sem pantaður var
af Fílharmóníusveit Los Angeles og Sinfóníuhljóm-
sveit Íslands,
og frumfluttur af Pekka Kuusisto undir stjórn Gustavos Duda-
mel, og nýr píanókonsert, FEAST, saminn handa Víkingi Heiðari
Ólafssyni. Daníel hefur gegnt stöðum staðarlistamanns og
aðalgestastjórnanda Sinfóníuhljóm-
sveitar Íslands og gegnir nú
stöðunni „listamaður í samstarfi“.

Meðal verkefna sem framundan eru með Daníel og Sinfóníu-
hljóm-
sveit Íslands má nefna hljóðritun á nýrri plötu fyrir Sono
Luminus. Þrjár plötur forlagsins með íslenskri tónlist í flutningi
hljóm-
sveitarinnar hafa vakið mikla athygli og var ein þeirra til-
nefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljóm-
sveitarflutning.



Missy Mazzoli

SINFONIA (FOR ORBITING SPHERES)

Bandaríska tónskáldið Missy Mazzoli (f. 1980) er fædd í Pennsylvaníu og stundaði nám meðal annars við Yale-háskólann og við Tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna og verið tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir tónverk ársins, auk þess sem hún var um tveggja ára skeið staðar-tónskáld Sinfóníuhljómsveitarinnar í Chicago og hefur kennt við Yale og New York University. Meðal stærri verka hennar er *Breaking the Waves* frá árinu 2016, sem byggð er á samnefndri kvikmynd leikstjórans Lars von Trier.

Mazzoli samdi *Sinfóníu (fyrir hnetti á sporbaug)* árið 2013 en gerði smávægilegar endurbætur á verkinu árið 2021. Mazzoli segir sjálf að þegar hún samdi *Sinfóníu (fyrir hnetti á sporbaug)* hafi hún viljað semja verk sem væri í laginu eins og sólkerfið, samsett af einingum sem snerust hver um aðra innan stærri sporbaugs. Sömmuleiðis hafi hún viljað að niðurlag verksins væri eins og upphaf þess en þó ekki, að efniviðurinn hefði orðið fyrir „stórkostlegri umbreytingu“ á leiðinni en að kjarni þess væri þó hinn sami. Orðið *sinfónía* á sér margs konar merkingu en en Mazzoli hafði í huga forna merkingu þess, miðaldahljóðfæri sem kallað var symfónn á íslensku en hurdy-gurdy á ensku. Það er eins konar lírukassi sem gefur frá sér samfelldan hásan tón á meðan hægt er að leika laglínur á áfast hljómborð. Í verki Mazzoli leikur hún sér meðal annars að því að breyta heilli sinfóníuhljómsveit í risastóran lírukassa og til þess þurfti að bæta við nokkrum hljóðfærum sem yfirleitt tilheyra ekki hefðbundinni áhöfn sinfóníuhljómsveitar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður leikið *Sinfonia (for orbiting spheres)*, á Myrkum músikdögum 2020 undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Til stendur að hljóðrita verkið fyrir útgáfu á vegum bandaríska forlagsins Sono Luminus í maí næstkomandi.



Sveinn Lúðvík Björnsson

GLERHJALLAR

Sveinn Lúðvík Björnsson (f. 1962) stundaði nám í klassískum gítarleik, píanóleik og söng við Tónskóla Sigursveins D. Kristins-sonar og Tónlistarskólann í Reykjavík. Framhaldsnám stundaði hann við Konunglegu dönsku tónlistarakademíuna í Kaupmannahöfn. Heimkominn lagði hann stund á tónsmíðanám við Tónlistarskólann í Reykjavík í önnur fjögur ár með Atla Heimi Sveinsson sem aðalkennara. Hann sótti einnig sumarnámskeið í tónsmíðum í Kazimierz Dolny, þar sem Witold Lutosławski var meðal kennara hans. Hann starfaði í nokkur ár sem tónfræði- og gítarkennari en hefur frá árinu 1994 starfað eingöngu að tónsmíðum.

Hljómsveitarverkið *Glerhjallar* varð til árið 2019 og er tileinkað minningu Atla Heimis Sveinssonar. Sveinn Lúðvík lætur eftirfarandi texta fylgja verkinu: „Ég er á göngu um nótt. Það er stjörnu- bjart og fullt tungl lýsir mér leið. Það brakar í hjarninu undir fótum mér. Mér er litið til vinstri, upp eftir hrímþöktu fjallinu sem gnæfir yfir mér. Klakabrynjaðir hjallar glampa eins og gler í tungsljósinu. Glerhjallar hugsa ég og íhuga um stund samspilið í alheiminum. Hvernig sólarljós sem tunglið endurkastar til okkar kveikir þennan glampa. Svona styður allt hvert annað bæði í náttúrunni og í alheiminum. Ég horfi upp í himinhvolfið, ljóðrænt tunglið og draumkenndar stjörnur, þangað viljum við fara þegar jörðin er orðin okkur óbyggileg. Skrítið? Var það ekki geimfari sem sagði „við fórum til þess að kanna tunglið en uppgötvuð- um jörðina“. Er það ekki akkúrat það sem við verðum að fara að gera? Engin getur lifað við vanvirðingu og ástleysi í langan tíma, ekki einusinni jörðin. Hún mun hrista okkur af sér. Það bætir ekki heimilisofbeldi þó að gerandinn skipti um maka og stofni nýja fjölskyldu.

Kærleikur, virðing og ást eru gjafir sem okkur eru færðar til þess að næra ef við viljum. Vonandi tekst mér það. Þegar eitthvað hverfur fyrir fullt og allt, ástvinur, landsvæði, vinátta, dýrategund, andleg og líkamleg heilsa, dregur það mig inn í andleg átök sem enda annaðhvort með sátt eða skelfilegri örvæntingu. Mig langar að eiga tíma til þess að þroskast.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur *Glerhjalla*. Áður hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands flutt klarínettconsert Sveins Lúðvíks þar sem Einar Jóhannesson fór með einleikshlutverkið við frá- bærar undirtektir, haustið 2014.



Anna Þorvaldsdóttir

CATAMORPHOSIS

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) er í hópi fremstu samtímatónskálda heims og hefur verið staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2018. Nýjasta hljómsveitarverk Önnu er *CATAMORPHOSIS*, sem pantað var í sameiningu af Fílharmóníusveit Berlínar, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmóníusveitinni í New York og Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham. Frumflutningur verksins fór fram í Berlín í janúar 2021 fyrir tónum sal en verkið hljómaði í fyrsta sinn fyrir áheyrendur á staðnum í Eldborg í júní sama ár. *CATAMORPHOSIS* hlaut Ivors tónskálda-verðlaunin árið 2021 en þau eru veitt ár hvert fyrir framúrskarandi nýjar tónsmíðar.

Yrkisefni *CATAMORPHOSIS* er hið brothætta samband mannkyns við Móður Jörð. Ef við breytum ekki umgengni okkar, segir tónskáldið, hættum við á að útkoman verði algjör eyðilegging – katastrofa, eins og gefið er í skyn í fyrri hlutanum á hinu samsetta heiti verksins. Seinni hlutinn er dreginn af orðinu *metamorphosis* – umbreyting sem enn er möguleg ef brugðist er við á réttan hátt. Anna kveðst í verkinu vilja gefa í skyn ákveðna togstreitu milli andstæðra póla; vald og viðkvæmni, von og örvænting, varðveisla og eyðilegging, og segir að tónlistin sé knúin áfram af því hversu áriðandi þessi staða er. Verkið talar með öðrum orðum beint inn í okkar eigin samtíma og er áminning um þá vá sem steðjar að mannkyninu. *CATAMORPHOSIS* er í einum þætti sem skiptist innbyrðis í sjö hluta: *Uppruni, Birting, Skautun, Von, Sálumessa, Potentia* eða vald; og loks *Uppgufun*. Tónskáldið segir að þótt verkið sé að vissu leyti dramatískt þá beri það líka með sér von, að á milli útópíu og dystópíu, bjartsýni og svartsýni, getum við fundið jafnvægi bæði innra með okkur sjálfum og í heiminum sem við tilheyrum.

Árni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður leikið *CATAMORPHOSIS*, undir stjórn Evu Ollikainen í júní 2021. Til stendur að hljóðrita verkið í maí næstkomandi.

Á DÖFINNI



17|03

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

býsk sálumessa

Aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar, Bertrand de Billy, stjórnar Þýskri sálumessu eftir Brahms, einu helsta öndvegisverki trúarlegrar tónlistar á 19. öld. Einsöngvarar eru Emily Pogorelc og Jóhann Kristinsson en Mótettukórinn og Söngsveitin Fílharmónía taka einnig þátt í flutningnum. Auk sálumessunnar hljómar sjaldheyrta en heillandi æskuverk Oliviers Messiaen frá árinu 1930, Les Offrandes oubliées (Gleymdar fórnargjafir), áhrifamikil hugleiðing um ást Guðs á mönnum. Hrífandi trúartónlist í glæsilegum flutningi einsöngvara, kóra og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

24|03

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30



Mozart og Beethoven

Meistaraverk eftir tvö af dádustum tónskáldum sögunnar hljóma í flutningi hljómsveitarinnar og frábærra tónlistarmanna sem báðir eru frá Grikklandi. Simos Papanas er einn fremsti fiðluleikari Grikklands og Kornilios Michailidis er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands í vetur. Sjöunda sífónía Beethovens er ein sú fjörugasta sem hann samdi enda kallaði Richard Wagner hana „fullkomnun dansins“. Sérstökum vinsældum hefur annar kafli verksins náð, hrífandi stef með tregafullum undirtóni, en hann hljómaði meðal annars í kvikmyndinni The King's Speech. Mozart samdi fiðlukonserta sína á unglingsárum en þeir eru stórfenglegar tónsmíðar sem bera vott um mikla náðargáfu. Sá fimmti og síðasti í röðinni er einkar tilþrífamikill.



31|03

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

Hetjulíf

Ein Heldenleben eða Hetjulíf eftir Richard Strauss er eitt stórbrotnasta tónverk síðrómantíkur, samið fyrir risavaxna hljómsveit sem telur um hundrað manns. Það er aðalhljóm-sveitarstjórinn Eva Ollikainen sem heldur um tónsprotann. Stefan Dohr leikur hinn glæsilega hornkonsert nr. 2 eftir Strauss, saminn í Vínborg árið 1942, eins konar kveðjuóður til gullaldar sem var að líða undir lok. Stefan hefur verið kallaður „konungur hornsins“ enda var hann ekki nema 25 ára þegar hann var valinn í stöðu fyrsta hornleikara í Fílharmóníusveit Berlínar og er ekki ofsögum sagt að hann sé goðsögn meðal málmblástursleikara. Tónleikarnir hefjast á verki eftir George Walker, sem var fyrsta svarta tónskáldið til að hljóta hin virtu Pulitzer-verðlaun í tónlist.

07|04

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30



Páskatónleikar Sinfóníunnar

Gubaidulina samdi konsertinn Sieben Worte eða Sjö orð, fyrir bajaran, selló og strengjasveit, árið 1982, en við frumflutninginn í Moskvu lét hún ekkert uppi um trúarlega skírskotun verksins enda höfðu yfirvöld í Sovétríkjunum óbeit á kristinni trú. Sjö orð er meðal allra áhrifamestu verka Gubaidulinu og hljómar hér í flutningi harmóníkuleikarans Geirs Draugsvoll, sem hefur starfað náið með tónskáldinu um árabil, og Sigurgeirs Agnarssonar, fyrsta sellóleikara Sinfóníunnar.

Anton Bruckner var eitt trúræknasta tónskáld 19. aldarinnar og sífóníum hans hefur oft verið líkt við dómkirkjur í tónum. Þriðja sífónían var tímamótaverk á ferli Bruckners og í verkinu fann hann sína eigin mikilfenglegu rödd eftir áralanga leit. Eva Ollikainen, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, hefur sérstakt dálæti á verkum Bruckners og túlkar þau af innsæi og röggsemi.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Himnesk matarupplifun
www.konsulatdiningroom.is



Notalegt, ferskt og fallett
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is



Heil símfónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X
RESTAURANT

GEIRI
SMART
RESTAURANT

satt

KONSÚLAT
DINING ROOM

SLIPPBARINN

11 03 20 22 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch, konsertmeistari
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Pétur Björnsson
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina

2. fiðla

Páll Palomares
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólóf Þorvarðsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Łucja Koczot
Guðrún Hrund Harðardóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Helga Björg Ágústsdóttir

Bassi

Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Kristín Ýr Jónsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínnett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Auður Edda Erlendsdóttir

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Guðrún Erlendsdóttir
Francisco Soutinho Ventura

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Breki Sigurðarson
Finnbogi Óskarsson

Harpa

Katie Buckley

Píanó/ Synthesizer/

Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur/ Slagverk

Frank Aarnink

Slagverk

Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason
Matthias Engler

Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi
Bertrand de Billy aðalgestastjórnandi
Kornilios Michailidis staðarhljómsveitarstjóri
Daniel Bjarnason listamaður í samstarfi
Anna Þorvaldsdóttir staðartónskáld
Víkingur Heiðar Ólafsson staðarlistamaður

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Halla Oddný Magnúsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi

Valdís Þorkeldsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Inga María Leifsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi
Svanhvít Hrólfssdóttir fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen nótnavörður
Larissa Weidler umsjónarmaður nótna
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir sviðsmaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

05|05

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL. 18:00

VÍKINGUR OG JOHN ADAMS

Eitt frægasta tónskáld Bandaríkjanna
stjórnar tónlist sinni á Íslandi í fyrsta sinn.

Efnisskrá

John Adams

Short Ride in a Fast Machine
Must the Devil Have All the Good
Tunes?, píanókonsernt
Harmonielehre

John Adams

Hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson

Einleikari

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

